

## TILSKIPUN RÁÐSINS 2009/13/EB

2011/EES/40/05

frá 16. febrúar 2009

**um framkvæmd samnings sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) hafa gert með sér um samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006, og um breytingu á tilskipun 1999/63/EB (\*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 139. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vinnuveitendur og launþegar (hér á eftir nefndir „aðilar vinnumarkaðarins“) geta í samræmi við 2. mgr. 139. gr. sáttmálans farið sameiginlega fram á að samningum, sem þeir gera á vettvangi Bandalagsins, sé komið til framkvæmda með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.
- 2) Alþjóðavinnuálagstofnunin samþykkti 23. febrúar 2006 samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, í viðleitni til þess að búa til einn samhæfðan gerning sem fæli í sér eftir því sem unnt er alla uppfærða staðla gildandi alþjóðlegra samþykkt og tilmæla um vinnuskilyrði farmanna ásamt þeim grundvallarreglum sem er að finna í öðrum alþjóðlegum samningum um vinnuskilyrði.
- 3) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við aðila vinnumarkaðarins, í samræmi við 2. mgr. 138. gr. sáttmálans, um það hvort ráðlegt væri að þróa gildandi réttarreglur Bandalagsins með því að aðlaga, sameina eða auka við þær miðað við samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006.
- 4) Hinn 29. september 2006 tilkynntu Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) framkvæmdastjórninni að þau óskuðu eftir að hefja samningaviðræður í samræmi við 4. mgr. 138. gr. sáttmálans.
- 5) Fyrirnefnd samtök vildu stuðla að hnattrænni samræmingu í siglingageiranum og gerðu hinn 19. maí 2008 með sér samning um samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, hér á eftir nefndur „samningurinn“. Í samningnum og viðauka við hann er sameiginleg beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að koma þeim í framkvæmd með ákvörðun ráðsins, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 2. mgr. 139. gr. sáttmálans.
- 6) Samningurinn gildir um farmenn um borð í kaupskipum sem skráð eru í aðildarríki og/eða sigla undir fána aðildarríkis.
- 7) Samningurinn kveður á um breytingar á Evrópusamningi um skipulag á vinnutíma farmanna sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtök félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST) gerðu með sér í Brussel 30. september 1998.
- 8) Að því er varðar 249. gr. sáttmálans er tilskipun viðeigandi gerningur til að koma samningnum í framkvæmd.
- 9) Samningurinn öðlast gildi samhliða samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, og aðilar vinnumarkaðarins óska eftir því að ráðstafanir til innleiðingar þessari tilskipun á landsvísu öðlist ekki gildi fyrr en daginn sem fyrirnefnd samþykkt öðlast gildi.
- 10) Að því er varðar hugtök, sem notuð eru í samningnum og ekki eru sérstaklega skilgreind þar, geta aðildarríkin sjálf skilgreint þau í samræmi við landslög og venjur, eins og gert er í öðrum tilskipunum um félagsmála-stefnu þar sem svipuð hugtök eru notuð, að því tilskildu að skilgreiningarnar séu í samræmi við inntak samningsins.
- 11) Framkvæmdastjórnin hefur samið drög að tilskipun í samræmi við orðsendingu sína frá 20. maí 1998 um aðlögun og kynningu skoðanaskipta um félagsmál í Bandalaginu, að teknu tilliti til stöðu undirritunaraðila og lögmætis hvers ákvæðis samningsins.
- 12) Aðildarríkin geta falið vinnuveitendum og launþegum, enda hafi þeir farið sameiginlega fram á það, að koma þessari tilskipun til framkvæmda, svo fremi aðildarríkin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að þau geti ætíð tryggt að þeim árangri, sem þessi tilskipun kveður á um, verði náð.
- 13) Ákvæði þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um gildandi ákvæði Bandalagsins sem eru sértækari og/eða tryggja farmönnum viðtækari vernd, einkum þau sem er að finna í löggjöf Bandalagsins.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XVIII viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnretti kynjanna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 16.12.2010, bls. 18.

- 14) Rétt er að tryggja að farið sé að meginreglunni um ábyrgð vinnuveitanda eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(1)</sup>, einkum 1. og 3. mgr. 5. gr. sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafananna og birta þær.
- 15) Þessari tilskipun skal ekki beita til þess að réttlæta að dregið sé úr almennri vernd launafólks á þeim sviðum sem samningurinn, sem fylgir með í viðauka, tekur til.
- 16) Í þessari tilskipun og samningnum er mælt fyrir um lágmarksstaðla. Aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins skulu geta viðhaldið hagstæðari ákvæðum eða tekið þau upp.
- 17) Í samræmi við orðsendingu sína frá 14. desember 1993 um beitingu samningsins um félagsmálastefnu hefur framkvæmdastjórnin gert Evrópuþinginu og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins viðvart með því að senda þeim texta tillögu sinnar að tilskipun sem hefur að geyma samninginn.
- 18) Gerningur þessi er í samræmi við grundvallarréttindin og meginreglurnar, sem sett eru fram í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum ákvæði 31. gr., en í henni er kveðið á um að allir starfsmenn eigi rétt á heilsusamlegum, öruggum og sómasamlegum vinnuskilyrðum, takmörkun á hámarksvinnutíma, vikulegum og daglegum hvíldartíma og árlegu, launuðu orlofi.
- 19) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar eða hafa víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.
- 20) Í samræmi við 34. gr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu <sup>(2)</sup> verða aðildarríkin hvött til að semja, í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, 21) Því er rétt að breyta tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma farmanna milli Samtaka skipaeigenda í Evrópu-bandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST) <sup>(3)</sup>, en hann hefur að geyma Evrópusamning um skipulag á vinnutíma farmanna í viðauka, til samræmis við það.
- 22) Framkvæmd samningsins stuðlar að því að markmiðum 136. gr. sáttmálans verði náð.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. gr.

Þessi tilskipun er til framkvæmdar samningi um samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, sem aðilar vinnumarkaðarins í sjóflutningageiranum (Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF)) gerðu með sér 19. maí 2008, eins og sett er fram í viðaukanum.

## 2. gr.

Viðaukanum við tilskipun ráðsins 1999/63/EB er breytt sem hér segir:

## 1. Í 1. ákvæði bætist eftirfarandi 3. liður við:

„3. Leiki vafi á því hvort tilteknir hópar einstaklinga skuli teljast til farmanna að því er varðar þennan samning skal lögbært yfirvald í hverju aðildarríki skera úr um það, að höfðu samráði við samtök skipaeigenda og farmanna sem málið varðar. Í þessu samhengi skal taka tilhlýðilegt tillit til ályktunar 94. fundar (um siglingar) Allsherjarþings Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar um upplýsingar um starfsgreinahópa.“

## 2. Í stað c- og d-liðar 2. ákvæðis komi eftirfarandi:

„c) „farmaður“: sérhver einstaklingur sem ráðinn er til starfa eða vinnur á hafskipi sem samningur þessi gildir um;

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 167, 2.7.1999, bls. 33.

d) „skipaeigandi“: eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri, umboðsmaður eða skipamiðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins úr höndum eiganda, og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem eru lagðar á skipaeigendur í samræmi við þennan samning, án tillits til þess hvort einhverjar aðrar stofnanir eða einstaklingar uppfylla tiltekna skyldur eða ábyrgð fyrir hönd skipaeigandans.”

3. Í stað 6. ákvæðis komi eftirfarandi:

„1. Næturvinna farmanna undir 18 ára aldri er bönnuð. Að því er varðar þetta ákvæði er „nótt“ skilgreind í samræmi við landslög og venjur. Hún nær a.m.k. yfir níu klukkustunda tímabil sem hefst eigi síðar en á miðnætti og sem lýkur eigi fyrr en kl. 5 að morgni.

2. Lögbært yfirvald getur vikið frá því að farið sé nákvæmlega að ákvæðum um takmörkun á næturvinnu í eftirtöldum tilvikum:

a) þegar slíkt getur truflað árangursríka starfsþjálfun viðkomandi farmanna í samræmi við viðurkennt nám og áætlanir eða

b) þegar sérstakt eðli skyldustarfs eða viðurkenndrar námsáætlunar krefst þess að farmenn, sem undanþágan á við um, vinni skyldustörf að næturlagi og lögbært yfirvald ákvarðar, að höfðu samráði við viðkomandi samtök skipaeigenda og farmanna, að vinnan sé ekki skaðleg heilbrigði þeirra eða velliðan.

3. Ráðning, starf eða vinna farmanna undir 18 ára aldri er bönnuð ef starfið er líklegt til að stofna heilbrigði þeirra eða öryggi í hættu. Slík störf skulu skilgreind í landslögum og innlendra reglusetningu, eða lögbært yfirvald skilgreinir þau að höfðu samráði við viðkomandi samtök skipaeigenda og farmanna, í samræmi við viðeigandi alþjóðlega staðla.“

4. Í stað 13. ákvæðis komi eftirfarandi:

„1. Farmenn skulu ekki vinna um borð í skipi nema þeir hafi vottorð um að þeir séu hæfir í læknisfræðilegum skilningi til að gegna skyldustörfum.

2. Undantekningar eru aðeins leyfðar í samræmi við ákvæði þessa samnings.

3. Lögbært yfirvald skal krefjast þess, áður en vinna hefst um borð í skipi, að farmenn séu með gilt

læknisvottorð til staðfestingar á því að þeir séu nægilega heilsuhraustir til að sinna þeim skyldum sem þeim ber á sjó.

4. Í því skyni að tryggja að læknisvottorð endurspegli sannarlega heilbrigðisástand farmanna, með tilliti til þeirra skyldustarfa sem þeir eiga að gegna, skal lögbært yfirvald, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök skipaeigenda og farmanna, og með tilhlýðilegu tilliti til gildandi alþjóðlegra viðmiðunarreglna, mæla fyrir um hvers eðlis læknisskoðun og útgefið vottorð skuli vera.

5. Þessi samningur er gerður með fyrirvara um alþjóðasamning um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöður sjómanna frá 1978, með áorðnum breytingum (STCW-samþykktin). Læknisvottorð, sem gefið er út í samræmi við ákvæði STCW-samþykktarinnar, skal viðurkennt af lögbæru yfirvaldi að því er varðar 1. og 2. lið þess ákvæðis. Læknisvottorð, sem uppfyllir þessar kröfur hvað innihald snertir, skal viðurkennt með sambærilegum hætti þegar í hlut eiga farmenn sem STCW-samþykktin nær ekki til.

6. Læknisvottorðið skal gefið út á viðeigandi hátt af lækni sem er til þess menntaður og hæfur eða, í því tilviki að einungis sé um sjónvottorð að ræða, af einstaklingi sem lögbært yfirvald viðurkennir að sé hæfur til að gefa út slíkt vottorð. Læknar verða að vera algjörlega sjálfstæðir faglega og beita læknisfræðilegri dómgreind sinni við læknisskoðun.

7. Farmönnum sem hefur verið neitað um vottorð eða hafa sætt því að hæfni þeirra til vinnu sé háð takmörkunum, einkum hvað snertir tíma, starfssvið eða farsvið, skal gefið tækifæri til að sæta annarri læknisskoðun af hálfu annars, sjálfstæðs læknis eða af hálfu sjálfstæðs, læknisfræðilegs úrskurðaraðila.

8. Í hverju læknisvottorði skal einkum tilgreina:

a) að heym og sjón farmannsins sem í hlut á og litskyggni, ef farmaðurinn á að gegna stöðu þar sem það kann að hafa áhrif á hæfni hans til starfsins sem hann á að vinna að litskyggni hans sé ábótavant, séu algjörlega fullnægjandi, og

b) að farmaðurinn sem í hlut á þjáist ekki af neinum sjúkdómi sem líkur eru til að versni við það að starfa á sjó eða valdi því að farmaðurinn sé óhæfur til slíkra starfa eða að hann stofni heilsu annarra einstaklinga um borð í hættu.

9. Ef styttra tímabils er ekki krafist sökum sérstakra skyldustarfa sem farmanni, sem í hlut á, ber að inna af hendi eða þess er krafist samkvæmt STCW-samþykktinni:

- a) skal læknisvottorð gilda að hámarki í tvö ár nema farmaðurinn sé undir 18 ára að aldri, en þá skal gildistíminn vera eitt ár,
- b) vottorð um litskyggni skal að hámarki gilda í sex ár.

10. Í aðkallandi tilvikum má lögbært yfirvald heimila farmanni að vinna án gilds læknisvottorðs þar til komið er í næstu viðkomuhöfn þar sem farmaðurinn getur útvegað sér læknisvottorð hjá lækni sem er til þess menntaður og hæfur, að því tilskildu að:

- a) slík heimild gildi ekki lengur en þrjá mánuði og
- b) farmaðurinn, sem í hlut á, sé handhafi læknisvottorðs sem er nýlega útrunnið.

11. Ef gildistími vottorðs rennur út meðan á sjóferð stendur skal vottorðið halda gildi sínu þar til komið er í næstu viðkomuhöfn þar sem farmaðurinn getur útvegað sér læknisvottorð hjá lækni sem er til þess menntaður og hæfur, að því tilskildu að tímabilið vari ekki lengur en þrjá mánuði.

12. Læknisvottorð farmanna, sem starfa um borð í skipum sem eru venjulega í millilandasiglingum, skal a.m.k. vera á ensku.

13. Ákveða skal, að höfðu samráði við skipaeigandann sem um er að ræða og viðkomandi samtök farmanna, hvernig heilbrigðiseftirliti skuli hagað og hvaða upplýsingar skuli koma fram á læknisvottorðinu.

14. Allir farmenn skulu fara reglulega í læknisskoðun. Vaktmenn, sem eiga við heilsuvandamál að stríða og sem læknir hefur staðfest að séu til komin vegna næturvinnu, skulu, þegar þess er nokkur kostur, færðir til í starfi, þannig að þeir stundi dagvinnu sem hentar þeim.

15. Heilbrigðiseftirlitið, sem um getur í 13. og 14. lið, skal vera að kostnaðarlausu og er lækniinn bundinn þagnarskyldu. Gangast má undir slíka skoðun hjá starfandi lækni innan heilbrigðiskerfisins í hverju ríki.“

5. Í stað 16. ákvæðis komi eftirfarandi:

Sérhver farmaður hefur rétt á launuðu orlofi árlega. Árlegt orlof á launum skal reiknað út á grundvelli a.m.k. 2,5 almanaksdaga fyrir hvern unninn mánuð og hlutfallslega fyrir unninn hluta úr mánuði. Greiðsla má ekki koma í stað lágmarksorlofs á ári á launum nema um starfslok sé að ræða.“

3. gr.

1. Aðildarríkin mega viðhalda eða taka upp hagstæðari ákvæði en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Framkvæmd þessarar tilskipunar skal ekki við neinar aðstæður fela í sér nægilegar ástæður til að réttlæta skerðingu almennrar vinnuverndar starfsmanna á þeim sviðum sem þessi tilskipun tekur til. Þetta skal þó ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna og/eða aðila vinnumarkaðarins til að setja, með tilliti til breyttra aðstæðna, önnur laga-, eftirlits- eða samningsákvæði en þau sem gilda við samþykkt þessarar tilskipunar, að því tilskildu að þeim lágmarkskröfum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sé ætíð fullnægt.

3. Beiting og/eða túlkun þessarar tilskipunar hefur ekki áhrif á ákvæði Bandalagsins eða landslaga, venjur eða hefðir sem fela í sér hagstæðari skilyrði fyrir hlutaðeigandi farmenn.

4. Ákvæði b-liðar 5. mgr. staðals A4.2 hefur ekki áhrif á meginreglu um ábyrgð vinnuveitanda sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

4. gr.

Aðildarríkin ákvarða hvaða viðurlög eiga við þegar brotið er gegn ákvæðum landslaga sem öðlast gildi samkvæmt þessari tilskipun. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eða tryggja að aðilar vinnumarkaðarins hafi innleitt nauðsynlegar ráðstafanir með samkomulagi, eigi síðar en 12 mánuðum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem þessi tilskipun nær til.

*6. gr.*

Beiting skírskotunar til ákvæða sem eru verulega jafngild, sem um getur í inngangsorðum samningsins, hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna sem leiða af þessari tilskipun.

*7. gr.*

Þessi tilskipun öðlast gildi daginn sem samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, öðlast gildi.

*8. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2009.

*Fyrir hönd ráðsins,*

O. Liška

*forseti.*

## VIÐAUKI

## SAMNINGUR

**sem Samtök skipa eigenda í Evrópubandalaginu og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu hafa gert með sér um samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006**

## INNGANGSORÐ

## UNDIRRITUNARAÐILAR,

Í samræmi við samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, (hér á eftir nefnd samþykktin) skal hvert aðildarríki tryggja að í ákvæðum eigin laga og reglugerða séu virt, að því er varðar þessa samþykkt, grundvallarréttindi til félagafrelsis og virk viðurkenning á réttinum til aðildar að kjarasamningum, afnáms hvers konar nauðungar- og skylduvinnu, afnáms vinnu barna og afnáms misréttis með tilliti til atvinnu eða starfa.

Í samþykktinni er kveðið á um að sérhver farmaður eigi rétt á öruggum og vernduðum vinnustað, sem uppfyllir staðla um öryggiskröfur, á sanngjörnum ráðningarskilmálum, á mannsæmandi starfsskilyrðum og lífskjörum, og á heilsuvernd, læknishjálpi, ráðstöfunum um velferð og öðrum þáttum félagslegrar verndar.

Í samræmi við samþykktina skal hvert aðildarríki tryggja, innan marka lögsögu sinnar, að starfsréttindi og félagsleg réttindi farmanna, sem kveðið er á um í framangreindum málsgreinum þessara inngangsorða, séu að fullu framkvæmd í samræmi við kröfur þessarar samþykktar. Hrinda má slíku í framkvæmd með landslögum eða reglugerðum, með viðeigandi kjarasamningum, með öðrum ráðstöfunum eða samkvæmt venju, nema kveðið sé á um það með öðrum hætti í samþykktinni.

Undirritunaraðilar vilja vekja sérstaka athygli á „Skýringum við reglur og kóða samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna“, þar sem mælt er fyrir um framsetningu og efnisskipan samþykktarinnar,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 137., 138. og 139. gr.

Í 2. mgr. 139. gr. sáttmálans er kveðið á um að samninga, sem gerðir eru á evrópskum vettvangi, megi framkvæma, fari undirritaðir samningsaðilar sameiginlega fram á það, með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Undirritunaraðilar leggja hér með fram slíka beiðni.

Í skilningi 249. gr. sáttmálans er tilskipun viðeigandi gerningur til framkvæmdar samningnum, bindandi fyrir sérhvert aðildarríki sem henni er beint til, að því er markmið hennar varðar, en lögbærum yfirvöldum í hverju ríki er í sjálfsvald sett á hvern hátt og með hvaða ráðum þeim skuli náð. Með VI. gr. samþykktarinnar er aðildarríkjum Alþjóðavinnuálagstofnunar gefinn kostur á að innleiða ráðstafanir sem þau telja að séu að verulegu leyti jafngild stöðlum samþykktarinnar, sem miðar bæði að því að ná að fullu markmiðum og tilgangi samþykktarinnar og að beita viðkomandi ákvæðum samþykktarinnar. Innleiðing samningsins með tilskipun og meginreglan um „verulegt jafngildi“ í samþykktinni miða þannig að því að veita aðildarríkjum möguleika á að innleiða réttindi og meginreglur með þeim hætti sem kveðið er á um í 3. og 4. lið VI. gr. samþykktarinnar,

HAFI KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI:

## SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

1. Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir nema annað sé tekið fram í tilteknum ákvæðum:
  - a) „lögbært yfirvald“: ráðherra, ráðuneyti eða annað yfirvald sem hefur vald til að gefa út og framfylgja reglugerðum, fyrirætlum eða öðrum leiðbeiningum sem hafa lagaþingild hvað varðar viðfangsefni ákvæðanna sem um er að ræða,

- b) „brúttótonnataka“: brúttótonnataka sem er reiknuð í samræmi við reglur um mælingu skipa í I. viðauka við alþjóðasamninginn um mælingar skipa frá 1969 eða síðari samninga sem kunna að koma í stað hans. Brúttótonnataka fyrir skip sem bráðabirgðaáætlun um mælingar, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkir, tekur til verður brúttótonnataka sem er að finna í athugasemdadálki alþjóðamælibréfsins (1969),
- c) „farmaður“: hver sá einstaklingur sem er starfandi, er ráðinn eða gegnir hvers kyns stöðu um borð í skipi sem þessi samningur nær til,
- d) „ráðningarsamningur farmanna“: felur í sér bæði samning um ráðningu og samning milli skipstjóra og farmanna um kaup og kjör,
- e) „skip“: skip annað en það sem einungis er siglt á vatnaleiðum eða siglingaleiðum nærri eða í vari eða á svæðum þar sem reglur um siglingar í höfnum gilda,
- f) „skipaeigandi“: eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri, umboðsmaður eða skipamiðlari þurrlaugskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins úr höndum eiganda, og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem eru lagðar á skipaeigendur í samræmi við þennan samning án tillits til þess hvort einhverjar aðrar stofnanir eða einstaklingar uppfylla tilteknar skyldur eða ábyrgð fyrir hönd skipaeigandans.
2. Nema annað sé sérstaklega tekið fram gildir þessi samningur um alla farmenn.
3. Leiki vafi á því hvort tilteknir hópar einstaklinga skuli teljast til farmanna að því er varðar þennan samning skal lögbært yfirvald í hverju aðildarríki skera úr um það að höfðu samráði við samtök skipaeigenda og farmanna sem málið varðar. Í þessu samhengi skal taka tilhlýðilegt tillit til ályktunar 94. fundar (um siglingar) Allsherjarþings Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um upplýsingar um starfsgreinahópa.
4. Nema annað sé sérstaklega tekið fram gildir þessi samningur um öll skip, bæði í einkaeign og eigu hins opinbera, sem stunda að staðaldri einhverja arðbæra starfsemi, önnur en skip sem stunda fiskveiðar eða aðra sambærilega starfsemi og skip af frumstæðri gerð svo sem „dhows“ og „junks“. Þessi samningur gildir ekki um herskip eða aðstoðarskip sjóherja.
5. Leiki vafi á því hvort tilteknir hópar einstaklinga skuli teljast til farmanna að því er varðar þennan samning skal lögbært yfirvald í hverju aðildarríki skera úr um það að höfðu samráði við samtök skipaeigenda og farmanna sem málið varðar.

## REGLUR OG STAÐLAR

### 1. BÁLKUR

#### LÁGMARKSKRÖFUR SEM FARMENN ÞURFA AÐ UPPFYLLA TIL AÐ MEGA VINNA UM BORÐ Í SKIPUM

##### *Regla 1.1 — Lágmarksaldur*

1. Enginn einstaklingur undir lágmarksaldri skal ráðinn til starfa eða starfa um borð í skipi.
2. Krafist skal hærri lágmarksaldurs við þær aðstæður sem mælt er fyrir um í þessum samningi.

##### *Staðall A1.1 — Lágmarksaldur*

Lágmarksaldur miðast við ákvæði tilskipunar ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 (sem verður breytt) um samning um skipulag á vinnutíma farmanna á kaupskipum (sem verður breytt í samræmi við viðauka A við þennan samning).

##### *Regla 1.2 — Læknisvottorð*

Læknisvottorð miðast við ákvæði tilskipunar ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 (sem verður breytt) um samning um skipulag á vinnutíma farmanna á kaupskipum (sem verður breytt í samræmi við viðauka A við þennan samning).

*Regla 1.3 — Menntun, þjálfun og hæfni*

1. Farmenn skulu ekki starfa um borð í skipi nema þeir hafi hlotið þjálfun, hlotið hæfnisskírteini þar að lútandi eða séu að öðru leyti hæfir til að gegna skyldum sínum.
2. Farmönnum skal ekki leyft að starfa um borð í skipi nema þeir hafi með fullnægjandi hætti lokið þjálfun í einstaklingsöryggi um borð í skipi.
3. Menntun og útgáfa skírteina í samræmi við skuldbindandi gerðir, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt, skulu teljast uppfylla kröfurnar í 1. og 2. mgr. þessarar reglu.

## 2. BÁLKUR

**RÁÐNINGARSKILMÁLAR***Regla 2.1 — Ráðningarsamningar farmanna*

1. Skilmála og skilyrði um ráðningu farmanna skal setja fram eða vísa skal til þeirra með skýrum, skriflegum og lagalega aðfararhæfum samningi og þau skulu vera í samræmi við staðlana sem settir eru fram í þessum samningi.
2. Ráðningarsamningar farmanna skulu samþykktir af farmanninum við aðstæður þar sem tryggt er að farmaðurinn hafi tækifæri til að grandskoða og leita ráðgjafar um skilmála og skilyrði í samningnum og ganga óþvingað að þeim fyrir undirritun.
3. Að því marki sem unnt er í samræmi við landslög eða venju í aðildarríki skulu ráðningarsamningar farmanna teljast fela í sér alla gildandi kjarasamninga.

*Staðall A2.1 — Ráðningarsamningar farmanna*

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög eða reglugerðir þar sem mælt er fyrir um að skip, sem sigla undir fána þess, uppfylli eftirfarandi kröfur:
  - a) farmenn, sem starfa á skipum sem sigla undir fána þess, skulu hafa undir höndum ráðningarsamning, undirritaðan af bæði farmanninum og skipaeigandanum eða fulltrúa skipaeigandans (eða, ef þeir eru ekki atvinnurekendur, sönnun þess að samningur sé í gildi eða annað fyrirkomulag), sem kveður á um mannsæmandi starfsskilyrði og lífskjör um borð í skipinu eins og krafist er samkvæmt þessum samningi,
  - b) farmönnum, sem undirrita ráðningarsamning farmanna, skal veitt tækifæri á að grandskoða og leita ráðgjafar um samninginn áður en hann er undirritaður auk annarra úrræða sem eru nauðsynleg til að tryggja að þeir hafi gengið óþvingað að samningnum og haft nægilegan skilning á réttindum sínum og skyldum,
  - c) skipaeigandinn og farmaðurinn, sem í hlut eiga, skulu hvor fyrir sig hafa undirritað frumrit af ráðningarsamningi farmanna,
  - d) grípa skal til ráðstafana til að tryggja að farmenn geti með auðveldum hætti fengið, um borð í skipinu, skýrar upplýsingar um skilmála ráðningar þeirra og að slíkar upplýsingar, þ.m.t. afrit af ráðningarsamningi farmanna sé einnig aðgengilegur til skoðunar af hálfu starfsmanna lögbærs yfirvalds, þ.m.t. þeirra sem eru í væntanlegum viðkomuhöfnum, og
  - e) farmenn skulu fá í hendur skjal sem inniheldur færslu um ráðningu þeirra um borð í skipið.
2. Ef ráðningarsamningur farmanna, allur eða að hluta, grundvallast á kjarasamningi skal afrit af þeim samningi vera aðgengilegt um borð. Ef ráðningarsamningur farmanna og aðrir gildandi kjarasamningar eru ekki á ensku skal eftirfarandi einnig vera tiltækt á ensku (nema um borð í skipum sem eru einungis í innanlandssiglingum):
  - a) afrit af stöðluðu formi samnings og
  - b) þeir hlutar kjarasamningsins sem liggja hafnarrikisefirliti til grundvallar.



3. Skjalið, sem um getur í e-lið 1. mgr. í þessum staðli, skal ekki innihalda yfirlýsingu um gæði þeirrar vinnu sem farmaður innir af hendi eða um laun hans. Í landslögum skal kveða á um form skjalsins, þau atriði sem færa skal inn og hvernig þau skulu færð.

4. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög eða reglugerðir þar sem tilgreind eru þau atriði sem koma skulu fram í öllum ráðningarsamningum farmanna sem landslög taka til. Í ráðningarsamningum farmanna skal í öllum tilvikum vera að finna eftirfarandi atriði:

- a) fullt nafn farmanns, fæðingardag eða aldur og fæðingarstað,
- b) nafn og aðsetur skipaeigandans,
- c) staður og dagur þegar ráðningarsamningur farmannsins var gerður,
- d) staða sem farmaður er ráðinn til að gegna,
- e) launafjárhæð farmanns eða, eftir atvikum, regla sem notuð er til að reikna hana út,
- f) fjárhæð greidds árlegs orlofs eða, eftir atvikum, formúluna sem notuð er til að reikna hana út,
- g) samningslok og skilmálar þar að lútandi, þ.m.t. eftirfarandi:
  - i. sé samningurinn ótímabundinn skal tíunda skilyrðin sem heimila hvorum aðila fyrir sig að segja honum upp, ásamt tilskildum uppsagnarfresti, sem skal ekki vera styttri fyrir skipaeiganda en fyrir farmanninn,
  - ii. sé gildistími samningsins til tiltekins tíma, gildislokadagur hans og
  - iii. taki samningurinn til einnar ferðar, ákvörðunarhöfn og sá tími sem þarf að líða eftir komu áður en afskrá skuli farmanninn,
- h) greiðslur sem skipaeiganda ber að inna af hendi til farmanns í tengslum við heilsuvernd og tryggingavernd,
- i) réttur farmannsins til heimsendingar,
- j) tilvísun til kjarasamningsins, ef við á, og
- k) önnur atriði sem krafist kann að vera í landslögum.

5. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög og reglugerðir þar sem kveðið er á um lágmarksuppsagnarfresti sem farmenn og skipaeigendur geta sett um uppsögn ráðningarsamnings farmanna. Lágmarkstími skal ákveðinn að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök skipaeiganda og farmanna, en skal ekki vera styttri en sjö dagar.

6. Uppsagnarfrestur má vera styttri en lágmarksfresturinn ef viðurkennt er í landslögum eða reglugerðum eða gildandi kjarasamningum að réttlætandi sé að ráðningarsamningi sé rift með styttri fyrirvara eða fyrirvaralaust. Þegar slík tilvik eru metin skal hvert aðildarríki tryggja að höfð sé til hliðsjónar þörf farmannsins á að segja upp ráðningarsamningnum án viðurlaga, með skemmri fyrirvara eða fyrirvaralaust af manúðarástæðum eða öðrum aðkallandi ástæðum.

#### *Regla 2.3 — Vinnutími og hvíldartími*

Vinnutími og hvíldartími farmanna miðast við ákvæði tilskipunar ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 (sem verður breytt) um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum (sem verður breytt í samræmi við viðauka A við þennan samning).

*Regla 2.4 — Orlofsréttur*

1. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að farmenn sem starfa um borð í skipum sem sigla undir fána þess fái árlegt orlof á launum undir viðeigandi kringumstæðum í samræmi við þennan samning og tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 (sem verður breytt) um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum (sem verður breytt í samræmi við viðauka A við þennan samning).
2. Farmönnum skal veitt landgönguleyfi þeim til heilsubótar og aukinnar velferðar og í samræmi við starfskröfur sem fylgja stöðu þeirra.

*Regla 2.5 — Heimsending*

1. Farmenn eiga rétt á að vera sendir til síns heima þeim að kostnaðarlausu.
2. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að skip, sem sigla undir fána þess, leggi fram fjárhagslega tryggingu til að sjá til þess að farmenn geti snúið til síns heima á viðeigandi hátt.

*Staðall A2.5 — Heimsending*

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að farmenn um borð í skipum sem sigla undir fána þess eigi rétt á að snúa til síns heima í eftirtöldum tilvikum:
  - a) ef ráðningarsamningur farmanna fellur úr gildi á meðan þeir eru um borð,
  - b) þegar ráðningarsamningi farmanna er rift:
    - i. af hálfu skipaeiganda eða
    - ii. af hálfu farmanns ef gild ástæða liggur að baki og enn fremur
  - c) þegar farmenn geta ekki lengur gegnt skyldum sínum samkvæmt ráðningarsamningi eða ef ekki er hægt að ætlast til þess að þeir gegni þeim sökum sérstakra aðstæðna.
2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að í lögum þess, reglugerðum eða öðrum ráðstöfnunum eða í kjarasamningum séu viðeigandi ákvæði sem mæla fyrir um:
  - a) þær aðstæður þegar farmenn eiga rétt á heimsendingu í samræmi við b- og c-lið 1. mgr. þessa staðals,
  - b) það hámarksstarfstímabil um borð í skipi sem veitir farmanni rétt til heimsendingar og að slíkt tímabil sé styttra en tólf mánuðir, og
  - c) nákvæma skilmála um skyldur skipaeiganda í tengslum við heimsendingu, þ.m.t. um ákvörðunarstað heimferðar, flutningsmáta, innifalda kostnaðarliði og aðrar ráðstafanir sem útgerðarmanni ber að gera.
3. Hvert aðildarríki skal leggja bann við því að skipaeigendur krefjist þess að farmenn greiði kostnað vegna heimsendingar fyrir fram við upphaf ráðningar og einnig við því að kostnaður við heimsendingu verði dreginn af launum farmanns eða öðrum réttindum sem honum ber nema farmaðurinn verði uppvís að því, með tilliti til landslaga, reglugerða, annarra ráðstafana eða gildandi kjarasamninga, að brjóta alvarlega gegn skyldum farmannsins í starfi.
4. Landslög og reglugerðir skulu ekki hafa áhrif á rétt skipaeigenda til að krefjast endurgreiðslu heimsendingarkostnaðar samkvæmt samningsbundnu fyrirkomulagi við þriðja aðila.
5. Vanræki skipaeigandi að gera viðhlítandi ráðstafanir til að mæta kostnaði við heimsendingu farmanna sem eiga rétt á heimsendingu:

- a) skal lögbært yfirvald aðildarríkis, sem er fánaríki skipsins, gera ráðstafanir um heimsendingu farmanna sem í hlut eiga; vanræki það að gera það má ríkið þaðan sem senda á farmennina heim eða ríkið sem farmennirnir eru ríkisborgarar í gera ráðstafanir um heimsendingu þeirra og krefja aðildarríkið, sem er fánaríki skipsins, um endurgreiðslu tilfallins kostnaðar.
  - b) aðildarríki, sem er fánaríki skipsins, skal geta krafð skipaeigandann um kostnað sem fellur til við heimsendingu farmanna,
  - c) farmennirnir skulu ekki í neinu tilviki krafðir um heimsendingarkostnað nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 3. mgr. þessa staðals.
6. Að teknu tilliti til gildandi alþjóðlegra gerninga, þ.m.t. alþjóðasamþykktar frá 1999 um kyrrsetningu skipa, má aðildarríki, sem hefur greitt kostnað af heimsendingu, leggja farbann á skip eða fara fram á að farbann verði lagt á skip viðkomandi skipaeiganda þar til endurgreiðsla hefur farið fram í samræmi við 5. mgr. þessa staðals.
7. Hvert aðildarríki skal auðvelda heimsendingu farmanna um borð í skipum, sem koma til hafna þess eða sigla um landhelgi þess eða innsvævi, og auðvelda auk þess afleysingu þeirra.
8. Aðildarríki skal gæta þess sérstaklega að réttur sérhvers farmanns til heimsendingar verði ekki brotinn vegna fjárhagslegrar stöðu skipaeigandans eða vegna þess að skipaeigandi getur ekki eða vill ekki að farmaður verði leystur af.
9. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að skip, sem sigla undir fána þess, hafi tiltækt um borð og aðgengilegt farmönnum á viðeigandi tungumáli afrit af gildandi innanlandsreglum um heimsendingu.

*Regla 2.6 — Bætur til farmanna ef skip tapast eða ferst*

Farmenn eiga rétt á fullnægjandi bótum við meiðsl, missi eða atvinnumissi sem verður við það að skip tapast eða ferst.

*Staðall A2.6 — Bætur til farmanna ef skip tapast eða ferst*

1. Hvert aðildarríki skal setja reglur til að tryggja að í hverju því tilviki sem skip tapast eða ferst greiði skipaeigandinn hverjum farmanni um borð bætur fyrir atvinnumissi í kjölfar þess að skip tapast eða ferst.
2. Reglurnar, sem um getur í 1. mgr. þessa staðals, skulu ekki hafa áhrif á annan rétt sem farmaður kann að hafa samkvæmt landslögum hlutaðeigandi aðildarríkis í tengslum við missi eða meiðsl af völdum þess að skip tapast eða ferst.

*Regla 2.7 — Mönnun*

Ákvæði um hæfilega, örugga og skilvirka mönnun skipa er að finna í tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 (sem verður breytt) um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum (sem verður breytt í samræmi við viðauka A við þennan samning).

Regla 2.8 — Möguleikar á starfsframa og bættri fagkunnáttu auk atvinnutækifæra sem standa farmönnum til boða

Hvert aðildarríki skal móta stefnu sem stuðlar að því að fá fólk til starfa á sviði siglinga og hvetur til starfsframa og bættrar fagkunnáttu auk fjölgunar atvinnutækifæra farmanna sem eru heimilisfastir á yfirráðasvæði þess.

*Staðall A2.8 — Möguleikar á starfsframa og bættri fagkunnáttu auk atvinnutækifæra sem standa farmönnum til boða*

1. Hvert aðildarríki skal móta stefnu sem miðar að því að hvetja til starfsframa og bættrar fagkunnáttu, einnig til þess að fjölgað verði atvinnutækifærum farmanna í því skyni að sjá fyrir stöðugum og hæfum mannafla á sviði siglinga.
2. Markmiðið með stefnumótuninni, sem um getur í 1. mgr. þessa staðals, skal vera að styðja farmenn til þess að öðlast meiri reynslu og hæfni og fjölga atvinnutækifærum.

3. Hvert aðildarríki skal, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök farmanna og skipaeigenda, setja skýr markmið um starfsleiðsögn, menntun og þjálfun farmanna sem gegna skyldum um borð sem tengjast fyrst og fremst öruggum rekstri og siglingu skipsins, þ.m.t. viðvarandi þjálfun.

### 3. BÁLKUR

#### VISTARVERUR OG TÓMSTUNDAADSTAÐA, FÆÐI OG ÞJÓNUSTA VIÐ ÁHAFNIR

##### *Staðall A3.1 — Vistarverur og tómstundaaðstaða*

1. Skip, sem eru reglulega í ferðum til hafna þar sem moskítóflugan er landlæg, skulu hafa viðeigandi búnað eftir því sem lögbært yfirvald krefst.
2. Um borð skal vera tómstundaaðstaða, þægindi og þjónusta í þágu allra farmanna með hliðsjón af ákvæðum um heilsuvernd, öryggi og slysavarnir eins og þau hafa verið aðlöguð til að uppfylla sérstakar þarfir farmanna sem þurfa að búa og starfa um borð í skipum.
3. Lögbært yfirvald skal krefjast þess að skipstjórinn eða undirmenn hans hafi reglulegt eftirlit með því að vistarverur farmanna séu hreinar, íbúðarhæfar svo mannsæmandi sé og þeim sé vel við haldið. Skrá skal niðurstöður slíks eftirlits og skulu þær liggja frammi til skoðunar.
4. Ef um er að ræða skip þar sem nauðsynlegt er, án mismununar, að taka tillit til hagsmuna farmanna, að því er varðar mismunandi og sérstök trúarbrögð og félagslega siði, má lögbært yfirvald, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök skipaeigenda og farmanna, leyfa töluverð frávik frá þessum staðli, að því tilskildu að slík frávik leiði ekki til þess að öll aðstaða verði lakari en ef þessum staðli hefði verið beitt.

##### *Regla 3.2 — Fæði og veitingaþjónusta við áhafnir*

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að skip, sem sigla undir fána þess, hafi um borð og að þar sé borinn fram matur og drykkjarvatn að fullnægjandi gæðum, næringarinnihaldi og magni þannig að uppfylltar séu með fullnægjandi hætti þær kröfur sem gerðar eru um borð í skipinu, að teknu tilliti til mismunandi þátta sem snerta menningu og trúarbrögð.
2. Farmenn um borð í skipi skulu eiga rétt á fríu fæði á ráðningartímabilinu.
3. Farmenn, sem eru ráðnir sem matsveinar og bera ábyrgð á matargerð, þurfa að hafa hlotið menntun og þjálfun og uppfylla hæfniskilyrði til að gegna starfi sínu um borð í skipi.

##### *Staðall A3.2 — Fæði og veitingaþjónusta við áhafnir*

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög og reglugerðir eða aðrar ráðstafanir til að kveða á um lágmarksstaðla um magn og gæði fæðis og drykkjarvatns og staðla um veitingaþjónustu við áhafnir sem gilda um málsverði fyrir farmenn um borð í skipum, sem sigla undir fána þess, auk þess sem það skal bjóða menntun til að kynna þá staðla sem um getur í þessari málsgrein og hrinda þeim í framkvæmd.
2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að skip, sem sigla undir fána þess, uppfylli eftirfarandi lágmarksstaðla:
  - a) birgðir af matvælum og drykkjarvatni séu hæfilegar að því er varðar magn, næringargildi, gæði og fjölbreytni, með hliðsjón af fjölda farmanna um borð, trúarlegra þarfa þeirra og menningarlegra siðvenja varðandi matvæli, svo og lengd og eðli sjóferðarinnar,
  - b) skipulag og búnaður veitingaþjónustudeildar skal vera með þeim hætti að unnt sé að sjá farmönnum fyrir fullnægjandi, fjölbreyttum og næringarríkum máltíðum sem eru tilreiddar og framreiddar við heilnæmar aðstæður og
  - c) starfslið við veitingaþjónustu við áhafnir skal hafa hlotið viðunandi þjálfun eða leiðbeiningar um starf sitt.
3. Skipaeigendur skulu sjá til þess að farmenn, sem hafa verið ráðnir til að gegna starfi matsveina á skipi, hafi viðeigandi menntun og hæfi og teljist færir um að sinna starfinu í samræmi við kröfur sem mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum viðkomandi aðildarríkis.

4. Kröfur, skv. 3. mgr. þessa staðals, skulu fela í sér námskeið sem lögbært yfirvald hefur samþykkt eða viðurkennt og sem tekur til hagnýtrar matreiðslu, hreinlætis starfsmanna og meðhöndlun matvæla, geymslu matvæla, eftirlits með birgðum, umhverfisverndar og heilbrigðis og öryggis við veitingaþjónustu við áhafnir.
5. Lögbært yfirvald má ekki krefjast þess að um borð í skipi, þar sem mælt er fyrir um tíu eða færri í áhöfn eftir eðli og stærð áhafnarinnar eða tegund viðskipta, sé menntaður og hæfur matsveinn en hver sá sem vinnur við matseld í eldhúsi skal hafa hlotið þjálfun og leiðbeiningar um hreinlæti starfsmanna og meðhöndlun matvæla og um meðferð og geymslu matvæla um borð í skipi.
6. Við aðstæður þar sem brýn nauðsyn krefur má lögbært yfirvald veita undanþágu sem heimilar matsveini, sem ekki hefur tilskilda menntun og hæfi, að starfa um borð í tilteknu skipi í takmarkaðan tíma þar til komið er til næstu viðkomuhafnar sem hentar eða í tiltekinn tíma, sem er ekki lengri en einn mánuður, að því tilskildu að einstaklingurinn, sem fær undanþáguna, hafi hlotið þjálfun eða fengið leiðbeiningar um hreinlæti starfsmanna og meðhöndlun matvæla og um meðferð og geymslu matvæla um borð í skipi.
7. Í samræmi við málsmeðferð um að formskilyrði séu uppfyllt skv. 5. kafla skal lögbært yfirvald fara fram á að skipstjórnin eða aðrir undir hans stjórn hafi reglubundið, skjalfest eftirlit með:
  - a) birgðum af matvælum og drykkjarvatni,
  - b) öllu rými og búnaði til geymslu og meðhöndlunar matvæla og drykkjarvatns og
  - c) eldhúsi og öðrum búnaði fyrir tilreiðslu og framreiðslu máltíða.
8. Enginn farmaður undir 18 ára aldri skal ráðinn til starfa eða vinna sem matsveinn á skipi.

#### 4. BÁLKUR

##### HEILSUVERND, LÆKNISHJÁLP OG VELFERÐ

###### *Regla 4.1 — Læknishjálpar um borð í skipi og í landi*

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að öllum farmönnum um borð í skipum, sem sigla undir fána þess, séu tryggðar fullnægjandi ráðstafanir til heilsuverndar og að þeir hafi aðgang að skjótri og fullnægjandi læknishjálpar á meðan þeir starfa um borð.
2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að farmenn um borð í skipum á yfirráðasvæði þess, sem þurfa á tafarlausri læknishjálpar að halda, fái aðgang að sjúkraaöstöðu aðildarríkisins í landi.
3. Kröfurnar um heilsuvernd og læknishjálpar um borð fela í sér staðla um ráðstafanir sem miða að því að veita farmönnum heilsuvernd og læknishjálpar sem líkasta þeirri sem almennt er tiltæk starfsmönnum í landi.

###### *Staðall A4.1 — Læknishjálpar um borð í skipi og í landi*

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að ráðstafanir um heilsuvernd og læknishjálpar, þ.m.t. nauðsynleg tannvernd, fyrir farmenn sem starfa um borð í skipi, sem siglir undir fána þess, séu teknar upp og að þær:
  - a) tryggi að um farmenn gildi almenn ákvæði um heilsuvernd á vinnustað og læknishjálpar, sem máli skipta fyrir skyldur þeirra, auk sérstakra ákvæða um störf um borð í skipi,
  - b) tryggi að farmenn njóti heilsuverndar og sjúkrahjálpar sem er sem líkust þeirri sem starfsmenn í landi njóta almennt, þ.m.t. skjótur aðgangur að nauðsynlegum lyfjum, læknisáhöldum og sjúkraaöstöðu til að greina sjúkdóma og meðhöndla og jafnframt að læknisfræðilegum upplýsingum og sérfræðiþekkingu.
  - c) veiti farmönnum eftir því sem við verður komið rétt til þess í viðkomuhöfn að fara án tafar til læknis eða tannlæknis með tilskilda menntun og hæfi,

- d) takmarkist ekki við meðferð sjúkra eða slasaðra farmanna heldur feli í sér fyrirbyggjandi ráðstafanir, svo sem heilsueflingu og heilbrigðisfræðslu.
2. Lögbært yfirvald skal taka upp staðlað eyðublað fyrir læknskýrslu farmanna sem skipstjóri og viðkomandi heilsugæslustarfsmaður um borð eða í landi notar. Eyðublaðið og innihald þess, þegar það er útfyllt, skal vera háð trúnaðarkvöð og aðeins skal nota það til að greiða fyrir meðferð farmanna.
3. Hvert aðildarríki skal setja lög og reglugerðir þar sem kveðið er á um kröfur um sjúkrarými og rými til að sinna læknishjálpi og um lækningatæki og hjálfun á skipum sem sigla undir fána þess.
4. Í landslögum og reglugerðum skal að lágmarki kveða á um eftirfarandi kröfur:
- a) um borð í öllum skipum skal vera lyfjakista, lækningatæki og lækningahandbók, en mæla skal fyrir um innihald þeirra og það vera háð reglulegu eftirliti lögbærs yfirvalds; kröfur sem gerðar eru í hverju landi skulu taka mið af tegund skipsins, fjölda einstaklinga um borð og eðli sjóferðar, ákvörðunarstaðar og lengd sjóferða auk viðkomandi tilmæla innanlands og á alþjóðavettvangi um heilbrigðisstaðla,
- b) skip með fleiri en 100 einstaklinga um borð og sem stunda millilandasiglingar sem vara lengur en 72 klukkustundir skulu hafa lækni um borð sem er til þess menntaður og hæfur að veita læknishjálpi; í landslögum eða reglugerðum skal einnig tilgreina hvaða önnur skip skuli hafa lækni um borð, m.a. að teknu tilliti til þátta eins og lengdar sjóferðar, eðlis hennar og aðstæðna og fjölda farmanna um borð,
- c) á skipum þar sem ekki er læknir um borð skal annaðhvort vera a.m.k. einn farmaður um borð sem sér um að veita læknishjálpi og gefa lyf, og skal það vera hluti af starfsskyldu hans, eða a.m.k. einn farmaður sem er hæfur til þess að veita skyndihjálpi, einstaklingar sem sér um að veita læknishjálpi um borð og eru ekki læknar skulu hafa lokið með fullnægjandi hætti menntun og hjálfun í læknishjálpi sem uppfyllir kröfur alþjóðasamþykktar um menntun, hjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna 1978, með áorðnum breytingum (STCW-samþykktin); farmenn sem eru tilnefndir til að veita skyndihjálpi skulu hafa lokið með fullnægjandi hætti hjálfun í hjálpi í viðlögum sem uppfyllir kröfur STCW-samþykktarinnar; tilgreina skal í landslögum eða reglugerðum það hjálfunarstig sem er viðurkennt, m.a. að teknu tilliti til þátta eins og lengdar sjóferðar, eðlis hennar og aðstæðna og fjölda farmanna um borð og
- d) lögbært yfirvald skal tryggja með hjálpi fyrirframskipulagðs kerfis að læknisfræðileg aðstoð með hjálpi almennra fjarskipta eða fjarskipta um gervihnött sé tiltæk skipum á sjó, þ.m.t. að sérfræðiaðstoð sé tiltæk allan sólarhringinn, og læknisfræðileg aðstoð, þ.m.t. framsending læknisfræðilegra tilkynninga með hjálpi almennra fjarskipta eða fjarskipta um gervihnött milli skipa og þeirra aðila í landi sem veita aðstoðina, skal vera tiltæk að kostnaðarlausu án tillits til þess undir hvaða fána þeir sigla.

#### *Regla 4.2 — Ábyrgð skipaeigenda*

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að ráðstafanir séu gerðar um borð í skipum, sem sigla undir fána þess, til að veita farmönnum sem starfa um borð í skipunum fjárhagslega aðstoð og stuðning skipaeiganda til að mæta kostnaði sem til fellur í kjölfar veikinda, meiðsla eða dauða meðan á umsömdum ráðningartíma þeirra stendur eða leiðir af ráðningu þeirra samkvæmt slíkum samningi.
2. Þessi regla hefur ekki áhrif á önnur lagaúrræði sem farmaðurinn kann að leita.

#### *Staðall A4.2 — Ábyrgð skipaeigenda*

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög og reglugerðir þar sem mælt er fyrir um að eigendur skipa, sem sigla undir fána þess, beri ábyrgð á heilsuvernd og læknishjálpi allra farmanna, sem starfa um borð í skipunum, í samræmi við eftirfarandi lágmarksstaðla:
- a) skipaeigendur skulu bera kostnað sem fellur til ef farmenn, sem starfa um borð í skipum þeirra, veikjast eða slasast á því tímabili frá því þeir hefja störf og þar til þeir teljast komnir aftur til síns heima eða kostnað sem fellur til vegna ráðningar þeirra milli þessara dagsetninga,
- b) skipaeigendur skulu veita fjárhagslega ábyrgð til að tryggja bætur ef farmenn látast eða verða fyrir langtímafötun af völdum vinnuslyss, veikinda eða hættu eins og kveðið er á um í landslögum, ráðningarsamningi farmanna eða kjarasamningi,

- c) skipaeigendur skulu ábyrgjast kostnað við læknishjálp, þ.m.t. lækni meðhöndlun og útveggun nauðsynlegra lyfja og tækja til lækni meðferðar, og fæði og húsnæði fjarri heimili þar til sjúkur eða slasaður farmaður hefur náð bata eða þar til úrskurðað hefur verið að veikindi eða óvinnufærni sé varanleg og
- d) skipaeigendum skal skylt að greiða útfararkostnað ef dauðsfall verður um borð eða í landi meðan á ráðningu stendur.
2. Í landslögum eða reglugerðum má takmarka ábyrgð skipaeiganda fyrir greiðslu kostnaðar við læknishjálp og fæði og húsnæði við tímabil sem skal ekki vera styttra en 16 vikur frá því að slys verður eða veikindi hefjast.
3. Ef veikindi eða slys leiðir til óvinnufærni skal skipaeiganda skylt:
- a) að greiða full laun á meðan veikur eða slasaður farmaður dvelur um borð í skipi eða þar til hann hefur verið sendur heim í samræmi við þennan samning og
- b) að greiða laun að öllu leyti eða að hluta samkvæmt fyrirmælum í landslögum eða reglugerðum eða eins og kveðið er á um í kjarasamningum frá þeim tíma þegar farmenn eru sendir til síns heima eða eru komnir í land og þar til þeir hafa hlotið bata eða eiga rétt á bótum í peningum samkvæmt löggjöf aðildarríkisins sem í hlut á, hvort sem fyrr verður.
4. Í landslögum eða reglugerðum má takmarka ábyrgð skipaeiganda á greiðslu launa að öllu leyti eða hluta til farmanns sem er ekki lengur um borð við tímabil sem skal ekki vera styttra en 16 vikur frá því að slys verður eða veikindi hefjast.
5. Samkvæmt landslögum eða reglugerðum má losa skipaeiganda undan ábyrgð að því er varðar:
- a) slys sem verða með öðrum hætti en í þjónustu við skipið,
- b) slys eða veikindi sökum vísitandi misferlis hins sjúka, slasaða eða látna farmanns og
- c) veikindi eða heilsuþrest sem er leynt af ásetningi við ráðningu.
6. Í landslögum eða reglugerðum er heimilt að losa skipaeiganda undan því að bera ábyrgð á kostnaði vegna læknishjálpar, fæðis, húsnæðis eða útfarar, svo fremi opinber yfirvöld beri slíka ábyrgð.
7. Skipaeigendur eða fulltrúar þeirra skulu gera ráðstafanir til að vernda eignir sem sjúkir, slasaðir eða láttnir farmenn skilja eftir um borð og skila þeim til þeirra eða nánustu aðstandenda þeirra.

#### *Regla 4.3 — Heilsuvernd, öryggi og slysavarnir*

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að farmenn um borð í skipum, sem sigla undir fána þess, njóti heilsuverndar í starfi og búí, starfi og fáí þjálfun um borð í skipi í öruggu og heilnæmu umhverfi.
2. Hvert aðildarríki skal, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök skipaeigenda og farmanna og að teknu tilliti til gildandi staðla, leiðbeininga og staðla samkvæmt tilmælum alþjóðastofnana, innlendra stjórnsýslustofnana og stofnana á sviði siglinga, þróa og koma á framfæri leiðbeiningum og stöðlum innanlands um stjórnun vinnu- og heilsuverndar um borð í skipum sem sigla undir fána þess.
3. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög og reglugerðir og aðrar ráðstafanir sem taka til mála sem tilgreind eru í samningnum, að teknu tilliti til viðeigandi alþjóðlegra gernainga, og setja staðla um öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavarnir um borð í skipum sem sigla undir fána þess.

*Staðall d A4.3 — Heilsuvernd, öryggi og slysavarnir*

1. Lög, reglugerðir og aðrar ráðstafanir sem samþykkja á í samræmi við 3. mgr. reglu 4.3 skulu ná yfir eftirtalin viðfangsefni:

- a) samþykkt, skilvirk framkvæmd og kynning á stefnumótun og áætlunum um vinnu- og heilsuvernd um borð í skipum sem sigla undir fána aðildarríkisins, þ.m.t. áhættumat auk þjálfunar og kennslu farmanna,
- b) áætlanir um borð til að koma í veg fyrir vinnuslys, meiðsl og sjúkdóma og til að vinna að stöðugum úrbótum á sviði öryggis á vinnustað og heilsuverndar með þátttöku fulltrúa farmanna og allra annarra einstaklinga sem hafa áhuga á framkvæmd þeirra, að teknu tilliti til forvarnarráðstafana, þ.m.t. tæknilegt og hönnunarlegt eftirlit, skipti á vinnuferlum og verklagsreglum fyrir sameiginleg og einstaklingsbundin verkefni og notkun persónuhlífa, og
- c) kröfur um skoðanir, tilkynningar og úrbætur á ótryggum aðstæðum og um rannsóknir og tilkynningar um vinnuslys sem verða um borð.

2. Í ákvæðunum, sem um getur í 1. mgr. þessa staðals, skal:

- a) taka mið af viðeigandi alþjóðlegum gerningum sem taka til öryggis á vinnustað og heilsuverndar almennt og til sérstakrar áhættu og fjalla um öll mál sem tengjast forvörnum gegn vinnuslysum, meiðslum og sjúkdómum sem kunna að eiga við um störf farmanna, einkum þau sem tengjast starfi farmannsins sérstaklega,
- b) skilgreina þær skyldur sem skipstjóra eða einstaklingi sem skipstjóri tilnefni, eða beggja, ber til að axla sérstaka ábyrgð á að framkvæma og framfylgja stefnu sem gildir um skipið og áætlun á sviði öryggis og heilbrigðismála, og
- c) tilgreina heimildir farmanna um borð í skipinu sem hafa verið skipaðir eða kosnir öryggisfulltrúar til að sækja fundi öryggisnefndar skipsins. Slík nefnd skal sett á stofn um borð í skipi þar sem eru fimm eða fleiri farmenn.

3. Gera skal reglulega endurskoðun á lögum, reglugerðum og öðrum ráðstöfunum, sem um getur í 3. mgr. reglu 4.3, í samráði við fulltrúa samtaka skipaeigenda og farmanna og, ef þörf krefur, endurskoða til að taka mið af tæknibreytingum í því skyni að auðvelda stöðugar úrbætur á stefnu og áætlunum á sviði öryggis á vinnustað og heilbrigðismála og að sjá farmönnum um borð í skipum, sem sigla undir fána aðildarríkisins, fyrir öruggu vinnuumhverfi.

4. Ef farið er að kröfum gildandi alþjóðlegra gerninga um viðunandi stig váhrifa á vinnustað um borð í skipum og um þróun og framkvæmd stefnu og áætlana á sviði öryggis á vinnustað og heilbrigðismála um borð í skipum skal það teljast uppfylla kröfur þessa samnings.

5. Lögbært yfirvald skal sjá til þess:

- a) að tilkynnt sé um vinnuslys, meiðsli og sjúkdóma með viðunandi hætti,
- b) að haldnar séu itarlegar hagtölur um slík slys og sjúkdóma, þær greindar og birtar og þeim fylgt eftir með rannsóknum á almennri leitni og á þeim hættum sem í ljós koma eftir því sem við á og
- c) að vinnuslys séu rannsökuð.

6. Tilkynningar og rannsóknir á öryggismálum á vinnustað og heilbrigðismálum skulu þannig úr garði gerðar að tryggt sé að persónuupplýsingar farmanna njóti verndar.

7. Lögbært yfirvald skal hafa samvinnu við samtök skipaeigenda og farmanna um ráðstafanir til að benda öllum farmönnum á upplýsingar um tiltekna hættur um borð í skipum, t.d. með því að setja upp opinberar tilkynningar með viðeigandi fyrirsmælum.



8. Lögbært yfirvald skal gera kröfu um að skipaeigendur, sem láta fara fram áhættumat með tilliti til stjórnunar á öryggi og heilbrigði á vinnustað, vísi til viðeigandi tölfærðilegra upplýsinga af skipum sínum og úr almennum hagskýrslum sem lögbær yfirvöld leggja fram.

*Regla 4.4 — Aðgangur að velferðarmiðstöðvum í landi*

Hvert aðildarríki skal sjá til þess að greiður aðgangur sé að velferðarmiðstöðvum í landi. Aðildarríkið skal einnig stuðla að því að komið verði upp velferðarmiðstöðvum í tilteknum höfnum til að sjá farmönnum á skipum, sem eru í höfnum þess, fyrir aðgangi að fullnægjandi velferðaraðstöðu.

*Staðall A4.4 — Aðgangur að velferðarmiðstöðvum í landi*

1. Hvert aðildarríki skal gera kröfu um að þær velferðarmiðstöðvar sem eru á yfirráðasvæði þess séu opnar öllum farmönnum, óháð þjóðerni, kynþætti, hörundslit, kynferði, trúarskoðunum, stjórnmálaskoðunum eða félagslegum uppruna og óháð fánaríki skipsins þar sem þeir eru ráðnir eða gegna starfi.

2. Hvert aðildarríki skal stuðla að því að settar verði á laggirnar velferðarmiðstöðvar í viðeigandi höfnum landsins og ákveða, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök skipaeigenda og farmanna, hvaða hafnir skuli teljast viðeigandi.

3. Hvert aðildarríki skal hvetja til þess að sett séu upp velferðarráð sem annist reglulegt eftirlit með velferðarmiðstöðvum til að tryggja að þær séu hentugar í ljósi breytinga á þörfum farmanna vegna þróunar í tækni, rekstri og annarri þróun á sviði skipaútgærdar.

## 5. BÁLKUR

### FYLGNI OG FRAMFYLGD

*Regla 5.1.5 — Málsmeðferð vegna kvartana um borð*

1. Hvert aðildarríki skal gera kröfu um að um borð í skipum, sem sigla undir fána þess, sé fyrir hendi sanngjörn, skilvirk og skjót málsmeðferð vegna kvartana um meint brot gegn kröfum þessa samnings (þ.m.t. gegn réttindum farmanna).

2. Hvert aðildarríki skal banna hvers kyns árásir á þá sem leggja inn kvörtun og skal slíkt sæta refsingum.

3. Ákvæði þessarar reglu eru með fyrirvara um rétt farmanna til að rétta hlut sinn með hvers kyns lagaúrræðum sem hann telur viðeigandi.

*Staðall A5.1.5 — Málsmeðferð um kvartanir um borð*

1. Með fyrirvara um viðtækara gildissvið í landslögum eða reglum skal hvert aðildarríki gera kröfu um að um borð í skipum, sem sigla undir fána þess, sé fyrir hendi sanngjörn, skilvirk og skjót tilhögun um afgreiðslu kvartana um meint brot gegn kröfum þessa samnings (þ.m.t. gegn réttindum farmanna).

2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að í lögum þess eða reglugerðum sé gert ráð fyrir viðeigandi málsmeðferð að því er varðar kvartanir um borð í því skyni að fullnægja kröfum skv. reglu 5.1.5. Með slíkri málsmeðferð skal leitast við að sinna kvörtunum sem fyrst í ferlinu. Farmenn skulu þó í öllum tilvikum hafa rétt á að leggja fram kvörtun beint til skipstjóra og, telji þeir það nauðsynlegt, til viðkomandi, utanaðkomandi yfirvalda.

3. Í málsmeðferð um kvartanir um borð skal m.a. felast réttur farmannsins til að njóta fylgdar, eða til þess að fá annan aðila til að koma fram fyrir sína hönd meðan kvörtunarferlið stendur yfir, auk þess vernd til að koma í veg fyrir árásir í kjölfar þess að lögð hefur verið inn kvörtun. Hugtakið „árásir“ nær til hvers kyns meinlegs verknaðar sem einstaklingur fremur gegn farmanni fyrir að leggja fram kvörtun sem er ekki augljóslega tilefnislaus eða gerð af meinfýsni.

4. Auk afrits af ráðningarsamningi farmanna skulu allir farmenn fá í hendur afrit af gildandi málsmeðferðarreglum um kvartanir um borð í skipinu. Í því skulu felast upplýsingar um tengiliði fyrir lögbært yfirvald í fánaríkinu og, ef það er annað, í búsetulandi farmannsins og nafn einstaklings eða einstaklinga um borð í skipinu sem geta í trúnaði veitt farmanninum hlutlaus ráðgjöf um kvörtun þeirra og aðstoðað þá með öðrum hætti við að fylgja kvörtunarmálsmeðferðinni sem er þeim tiltæk um borð í skipinu.

## LOKAÁKVÆÐI

Framkvæmd þessa samnings verður endurskoðuð í kjölfar hvers kyns breytinga á ákvæði eða ákvæðum samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, og ef annar samningsaðila fer fram á það.

Aðilar vinnumarkaðarins gera með sér þennan samning með því skilyrði að hann öðlist ekki gildi fyrr en daginn sem samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, öðlast gildi, og er sá dagur 12 mánuðum eftir þann dag þegar skráð hefur verið hjá Alþjóðavinnuálastofnunin fullgilding a.m.k. 30 aðildarríkja með samtals 33% hlut af heildarbrúttótonnatölu heims.

Aðildarríki og/eða aðilar vinnumarkaðarins geta viðhaldið eða innleitt hagstæðari skilyrði fyrir farmenn en þau sem sett eru fram í þessum samningi.

Samningurinn gildir með fyrirvara um strangari og/eða sértækari ákvæði sem er að finna í gildandi löggjöf Bandalagsins.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lög, venjur eða samninga þar sem kveðið er á um hagstæðari skilyrði fyrir viðkomandi farmenn. Ákvæði þessa samnings hafa t.d. hvorki áhrif á tilskipun ráðsins 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, né á tilskipun ráðsins 92/29/EBE um lágmarkskröfur um öryggi og hollustu til að bæta lækni meðferð um borð í skipum, né heldur á tilskipun ráðsins 1999/63/EB um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST) (sem verður breytt í samræmi við viðauka A við þennan samning).

Framkvæmd þessa samnings skal ekki fela í sér gildar ástæður til að skerða almenna vernd sem farmenn njóta á því sviði sem samningurinn tekur til.

SAMBAND FÉLAGA FLUTNINGAVERKAMANNA Í EVRÓPU (ETF)

SAMTÖK SKIPAEIGENDA Í EVRÓPUBANDALAGINU (ECSA)

FORSETI VIÐRÆÐUNEFNDAR STARFSGREINA VEGNA FLUTNINGA Á SJÓ

BRUSSEL, 19. MAÍ 2008

## VIÐAUKI A

**BREYTINGAR Á SAMNINGI UM SKIPULAG Á VINNUTÍMA FARMANNA SEM GERÐUR VAR 30. SEPTEMBER 1998**

Í viðræðum sem leiddu til samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, endurskoðuðu aðilar vinnumarkaðarins einnig samninginn um skipulag á vinnutíma farmanna, sem gerður var 30. september 1998, til þess að ganga úr skugga um að hann samræmðist samsvarandi ákvæðum samþykktarinnar og samþykkja nauðsynlegar breytingar.

Í framhaldi af því hafa aðilar vinnumarkaðarins samþykkt eftirfarandi breytingar á samningnum um skipulag á vinnutíma farmanna:

## 1. 1. ákvæði

Bæta skal við nýrri 3. mgr. svohljóðandi:

„3. Leiki vafi á því hvort tilteknir hópar einstaklinga skuli teljast til farmanna að því er varðar þennan samning skal lögbært yfirvald í hverju aðildarríki skera úr um það að höfðu samráði við samtök skipaeigenda og farmanna sem málið varðar. Í þessu samhengi skal taka tilhlyðilegt tillit til ályktunar 94. fundar (um siglingar) Allsherjarþings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um upplýsingar um starfsgreinahópa.“

## 2. c-liður 2. ákvæðis:

Í stað núverandi c-liðar 2. ákvæðis komi:

„c) „farmaður“: sérhver einstaklingur sem ráðinn er til starfa eða vinnur um borð í skipi sem samningur þessi gildir um,“

## 3. d-liður 2. ákvæðis:

Í stað núverandi d-liðar 2. ákvæðis komi:

d) „skipaeigandi“: eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri, umboðsmaður eða skipamiðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins úr höndum eiganda, og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem eru lagðar á skipaeigendur í samræmi við þennan samning, án tillits til þess hvort einhverjar aðrar stofnanir eða einstaklingar uppfylla tilteknar skyldur eða ábyrgð fyrir hönd skipaeigandans.“

## 4. 6. ákvæði

Í stað núverandi c-liðar 6. ákvæðis komi:

„1. Næturvinna farmanna undir 18 ára aldri er bönnuð. Að því er varðar þetta ákvæði er „nótt“ skilgreind í samræmi við landslög og venju. Hún nær a.m.k. yfir níu klukkustunda tímabil sem hefst eigi síðar en á miðnætti og sem lýkur eigi fyrr en kl. fimm að morgni.

2. Lögbært yfirvald getur vikið frá því að farið sé nákvæmlega að ákvæðum um takmörkun á næturvinnu í eftirtöldum tilvikum:

a) þegar það getur truflað árangursríka starfsþjálfun viðkomandi farmanna í samræmi við viðurkennt nám og áætlanir eða

b) þegar sérstakt eðli skyldustarfs eða viðurkenndrar námsáætlunar krefst þess að farmenn, sem undanþágan á við um, vinni skyldustörf að næturlagi og lögbært yfirvald ákvarðar, að höfðu samráði við viðkomandi samtök skipaeigenda og farmanna, að vinnan sé ekki skaðleg heilbrigði þeirra eða vellíðan.

3. Ráðning, starf eða vinna farmanna undir 18 ára aldri er óheimil ef vinnan er líkleg til að stofna heilbrigði þeirra eða öryggi í hættu. Þau störf skulu skilgreind í landslögum og innlendra reglusetningu, eða lögbært yfirvald skilgreinir þau að höfðu samráði við viðkomandi samtök skipaeigenda og farmanna, í samræmi við viðeigandi alþjóðlega staðla.“

5. 13. ákvæði

Í stað fyrsta málsliðar 1. liðar 13. ákvæðis komi eftirfarandi:

- „1. Farmenn skulu ekki vinna um borð í skipi nema þeir hafi vottorð um að þeir séu hæfir í læknisfræðilegum skilningi til að gegna skyldustörfum sínum.
2. Undantekningar eru aðeins heimilar í samræmi við ákvæði þessa samnings.
3. Lögbært yfirvald skal krefjast þess, áður en vinna hefst um borð í skipi, að farmenn séu með gilt læknisvottorð til staðfestingar á því að þeir séu nægilega heilsuhraustir til að sinna þeim skyldum sem þeim ber á sjó.
4. Í því skyni að tryggja að læknisvottorð endurspegli sannarlega heilbrigðisástand farmanna, með tilliti til þeirra skyldustarfa sem þeir eiga að gegna, skal lögbært yfirvald, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök skipaeigenda og farmanna, og með tilhlýðilegu tilliti til gildandi alþjóðlegra viðmiðunarreglna, mæla fyrir um hvers eðlis lækni- og útgæfubætur vottorð skuli vera.
5. Þessi samningur er gerður með fyrirvara um alþjóðasamning um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöður sjómanna frá 1978, með áorðnum breytingum (STCW-samþykktin). Læknisvottorð, sem gefið er út í samræmi við kröfur STCW-samþykktarinnar, skulu viðurkennd af lögbæru yfirvaldi, að því er varðar 1. og 2. mgr. þessa ákvæðis. Læknisvottorð sem uppfyllir þessar kröfur hvað innihald snertir, þegar í hlut eiga farmenn sem STCW-samþykktin nær ekki til, skal viðurkennt með sambærilegum hætti.
6. Læknisvottorðið skal gefið út á viðeigandi hátt af lækni sem er til þess menntaður og hæfur eða, sé einungis um sjónvottorð að ræða, af einstaklingi sem lögbært yfirvald viðurkennir að sé hæfur til að gefa út slíkt vottorð. Læknar verða að vera algjörlega sjálfstæðir faglega og beita læknisfræðilegri dómgreind sinni við að framkvæma lækni- og útgæfubætur sínar.
7. Farmönnum sem hefur verið neitað um vottorð eða hafa sætt því að hæfni þeirra til vinnu sé háð takmörkunum, einkum hvað snertir tíma, starfssvið eða farsvið, skal gefið tækifæri til að sæta annarri lækni- og útgæfubætur af hálfu annars, sjálfstæðs lækni eða af hálfu sjálfstæðs, lækni- og útgæfubætur úrskurðaraðila.
8. Í hverju lækni- og útgæfubætur skal einkum tilgreina:
  - a) að heyrn og sjón farmannsins, sem í hlut á, og litskyggni ef farmaðurinn á að gegna stöðu þar sem það kann að hafa áhrif á hæfni hans til starfsins sem hann á að vinna ef litskyggni hans er ábótavant, séu algjörlega fullnægjandi, og
  - b) að farmaðurinn sem í hlut á þjáist ekki af neinum sjúkdómi sem líkur eru til að versni við það að starfa á sjó eða valdi því að farmaðurinn sé óhæfur til slíkra starfa eða að hann stofni heilsu annarra einstaklinga um borð í hættu.
9. Nema krafist sé styttra tímabils sökum sérstakra skyldustarfa sem farmanni, sem í hlut á, ber að inna af hendi eða þess sé krafist samkvæmt STCW-samþykktinni:
  - a) skal lækni- og útgæfubætur gilda að hámarki í tvö ár nema farmaðurinn sé undir 18 ára að aldri, en þá skal gildistíminn vera eitt ár,
  - b) vottorð um litskyggni skal að hámarki gilda í sex ár.

10. Í aðkallandi tilvikum má lögbært yfirvald heimila farmanni að vinna án gilds læknisvottorðs þar til komið er í næstu viðkomuhöfn þar sem farmaðurinn getur útvegað sér læknisvottorð hjá lækni sem er til þess menntaður og hæfur, að því tilskildu að:
- a) slíkt leyfi gildi ekki lengur en í þrjú mánuði, og
  - b) farmaðurinn sem í hlut á sé handhafi læknisvottorðs sem er nýlega útrunnið.
11. Ef gildistími vottorðs rennur út meðan á sjóferð stendur skal vottorðið gilda til næstu viðkomuhafnar þar sem farmaðurinn getur útvegað sér læknisvottorð hjá lækni sem er til þess menntaður og hæfur, að því tilskildu að tímabilið vari ekki lengur en þrjú mánuði.
12. Læknisvottorð farmanna, sem starfa um borð í skipum sem eru venjulega í millilandasiglingum, skal a.m.k. vera á ensku.“

Þeir málsliðir, sem koma á eftir, 1. og 2. mgr. 13. ákvæðis, verða 13. til 15. mgr.

6. 16. ákvæði:

Í stað fyrsta málsliðar komi eftirfarandi:

Sérhver farmaður hefur rétt á launuðu orlofi árlega. Árlegt orlof skal reiknað út á grundvelli a.m.k. 2,5 almanaksdaga fyrir hvern unninn mánuð og hlutfallslega fyrir unninn hluta úr mánuði.“

---